



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Umræðuskjal Póst- og fjarskiptastofnunar fyrir farnetsþjónustu og úthlutun tilheyrandi tíðnisviða

Frestur til að skila inn umsögnum er til kl. 12.00 föstudaginn 19. ágúst 2011.

Inngangur

Umræðuskjal þetta er fylgiskjal með Stefnu Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) í stjórnun tíðnisviðs 2011 - 2014

Í umræðuskjalinu er farið yfir helstu atriði tíðnistefnunnar sem snúa að ákveðnum tíðnisviðum sem verða til úthlutunar á næstu misserum. Varpað er fram spurningum til hagsmunaaðila og þeir eru hvattir til að láta í ljósi skoðanir sínar varðandi þessi atriði.

Aðrar athugasemdir og ábendingar varðandi tíðnistefnuna eru vel þegnar hvort sem þær eru almennt um skjalið eða við einstaka efnisliði sem ekki er komið inn á í þessu umræðuskjali.

Kaflanúmer og heiti í Tíðnistefnunni eru merkt með **fjólubláum** lit.

Kafli 5.2, Framtíðarsýn PFS 2011 - 2014

Vikið er að hugsanlegri þörf á bandbreidd fyrir háhraða farnetsþjónustu á næstu árum og er þar m.a. nefnd ætlun ESB um að tryggja stórauðna bandbreidd (1200 MHz) fyrir árið 2015.

Hvert er mat hagsmunaaðila á þessari þörf á Íslandi á næstu árum?

Hvaða tíðnisvið eru helst álitleg í þessu sambandi?

Hvernig getur slík aukning á bandbreidd nýst Íslendingum miðað við þær sérstöku aðstæður sem eru á Íslandi?

Í þessu sambandi má hugleiða hvaða leiðir séu farsælstar fyrir Íslendinga. Ísland býr við þá sérstöðu að vera fámennt, stjálbýlt þjóðfélag sem ekki á landamæri að öðrum ríkjum og því laust við ýmis vandamál sem því fylgja. Útgáfa tíðniheimilda er eitt virkasta stjórnæki stjórnvalda til að ná fram samfélagslegum markmiðum, t.d. um útbreiðslu farnetsþjónustu og þjónustustig. Reynslan sýnir að kröfur um samfélagsleg markmið hafa verið hóflegar, því markaðsaðilar hafa í mörgum tilvikum veitt víðtækari þjónustu en kröfur voru gerðar til í tíðniheimildum.

Tíðniúthlutanir fyrir farsímatíðnir hafa gjarnan verið bundnar útbreiðslukröfum til að ná fram samfélagslegum markmiðum og gjaldtöku stillt í hóf. Í seinni tíð hefur borið á því erlendis að lögð er áhersla á að fá sem hæst verð fyrir afnot af tíðninni og minni áhersla á samfélagsleg markmið.

Hvert er sjónarmið hagsmunaaðila varðandi annars vegar áherslu á samfélagsleg markmið og hins vegar áhersla á gjaldtöku á tíðniheimildir þar sem markaðslegar forsendur ráða útbreiðslu?

Í nokkrum löndum Evrópu hefur verið heimiluð kaup og sala á tíðnisviðum á frjálsum markaði.

Hver er skoðun hagsmunaaðila á því að kaup og sala á tíðnisviðum verði heimiluð eins og stefnt er að í Evrópu?

Færst hefur í vöxt bæði hér á landi eins og annars staðar í heiminum að fjarskiptafyrirtæki samnýti dreifikerfi enda af mörgum talið þjóðhagslega hagkvæmt.

Eru hagsmunaaðilar fylgjandi því að samnýta dreifikerfi á Íslandi?

Fylgja því einhverjir vankantar?

Eiga stjórnvöld að stuðla að aukinni samnýtingu og þá með hvaða hætti?

Kafli 6, Framtíðarsýn PFS fyrir ákveðnar þráðlausar þjónustur

Farsímaþjónusta er sá þáttur fjarskipta sem hefur vaxið hvað hraðast og er útbreiðsluhlutfall farsíma á Íslandi nú yfir 100%. Með innleiðingu þriðju kynslóðar farsíma jókst gagnaflutningshraði farsímakerfa til muna. Engu að síður er fyrirséð að gerðar verði enn meiri kröfur til hraðvirkra gagnasendinga í farsímaþjónustu, til dæmis við dreifingu myndefnis í farsíma, háhraðaaðgang að Netinu eða fyrirtækjanetum og breiðbandsaðgangur fyrir farsíma á öllu landinu.

Þráðlausar farsíma-/farnetsþjónustur eru þær þjónustur sem talið er að muni nýta verðmætustu tíðnisviðin í nágrenni framtíð. Það er því afar mikilvægt að PFS kanni hug hagsmunaaðila til áhuga þeirra á viðkomandi tíðnisviðum.

450 MHz tíðnisviðið (453-457.475/463.0-467.475 MHz, áður notað fyrir NMT)

Rekstri NMT farsímakerfisins var hætt 1. september 2010 en það hafði þá verið í rekstri allt frá árinu 1985. Tíðnisviðinu hafði árið 2007 verið úthlutað til Nordisk Mobil Ísland ehf. fyrir langdrægt stafrænt farsímakerfi á 450 MHz tíðnisviði til að þjóna landinu öllu og miðunum. Vegna vanefnda fyrirtækisins á að standa við skilmála tíðniheimildarinnar var heimildin afturkölluð í nóvember 2008. Enn sem komið er hefur enginn sýnt áhuga á að starfrækja farsímaþjónustu á tíðnisviðinu.

PFS óskar eftir ábendingum hagsmunaaðila sem áhuga hafa á rekstri farnetsþjónustu á þessu tíðnisviði.

Er áhugi fyrir því að nýta tíðnisviðið fyrir aðra þjónustu?

900 MHz tíðnisviðið

Tíðnisviðinu 890-915/935-960 MHz er ráðstafað fyrir farsímaþjónustu á Íslandi. Þetta er annað af þeim tíðnisviðum sem er notað fyrir GSM farsímaþjónustu á Íslandi og það sem mest er notað. Tíðniheimildir Símans og Vodafone renna út í febrúar 2012. Eins og ákveðið var í kjölfar samráðs um 900 MHz tíðnisviðið árið 2008 verður kannað hvort nýjir aðilar hafi hugsanlega áhuga á að veita þjónustu á 900 MHz tíðnisviðinu. Sbr. niðurstöður fyrrnefnds samráðs er um að ræða tvo búta sem Síminn og Vodafone hafa tíðnileyfi fyrir í dag, hvor um sig 2x5 MHz. Þá er tíðniheimild Nova á tíðnisviðinu ekki nægilega skilvirk

notuð í dag að mati PFS og verður því tekin með í samráðið að þessu sinni til mögulegrar úthlutunar (sjá mynd hér að neðan).

1 MHz																			
Nova 2x5 MHz				2x5 MHz				Vodafone 2x10 MHz				2x5 MHz				Síminn 2x10 MHz			
Ný úthlutun				Ný úthlutun				GSM/UMTS				Ný úthlutun				GSM/UMTS			

PFS óskar eftir áhuga meðal núverandi leyfishafa eða nýrra aðila á nýtingu þess hluta tíðnisviðsins sem er til nýúthlutunar.

Óskað er eftir að fram komi hve stórt tíðnisvið viðkomandi óskar eftir, uppbyggingaráform, fyrirhugaða tækni og hvaða þjónustu er áformað að nota tíðnisviðið fyrir.

1800 MHz tíðnisviðið

Tíðnisviðið 1710-1785/1805-1880 MHz er notað fyrir GSM 1800 og 3G/UMTS og hafa Síminn hf., Fjarskipti ehf. og IMC Ísland ehf. tíðnileyfi þar. Árið 2009 var Nova svo úthlutað tíðniheimild til uppbyggingar GSM 1800 farsímakerfis að loknu samráði. Tíðniheildir Símans, Vodafone og IMC Ísland á 1800 MHz tíðnisviðinu renna út í febrúar 2012. Fyrir utan þessar tíðnir er 2x22 MHz óúthlutað í dag.

PFS óskar eftir áhuga meðal núverandi leyfishafa eða nýrra aðila á nýtingu þessa tíðnisviðs í framtíðinni.

Óskað er eftir að fram komi hve stórt tíðnisvið viðkomandi óskar eftir, uppbyggingaráform, fyrirhugaða tækni og hvaða þjónustu er áformað að nota tíðnisviðið fyrir.

2.1 GHz tíðnisviðið

Fyrir 3G/UMTS eru notuð tíðnisviðin 1900-1980, 2010-2025 og 2110-2170 MHz. Þremur tíðniheimildum hefur verið úthlutað fyrir 3G/UMTS þjónustu á þessu tíðnisviði til Símans, Vodafone og Nova. 2x15 MHz + 5 MHz er óúthlutað í dag.

PFS óskar eftir áhuga meðal núverandi leyfishafa eða nýrra aðila á nýtingu þessa tíðnisviðs í framtíðinni.

Óskað er eftir að fram komi hve stórt tíðnisvið viðkomandi óskar eftir, uppbyggingaráform, fyrirhugaða tækni og hvaða þjónustu er áformað að nota tíðnisviðið fyrir.

Fjórða kynslóð farneta

PFS telur afar líklegt að ný tækni, oft nefnd fjórða kynslóð muni verða kynnt til sögunnar á Íslandi á næstu misserum. PFS hefur leitast við að tryggja að næginlegt tíðnisvið verði laust til notkunar fyrir nýja tækni, hvort sem um ræðir LTE eða MWBA.

Tíðnisviðin sem nefnd hafa verið í fyrstu atrennu í þessu sambandi eru:

- 800 MHz tíðnisviðið
- 1800 MHz tíðnisviðið
- 2.6 GHz tíðnisviðið
- 3.5 GHz tíðnisviðið
- Þá verða 900 MHz og 1800 MHz tíðnisviðin opnuð fyrir háhraðafarnetsþjónustu (4G) í nánustu framtíð en nú þegar er heimilt að nýta 900 MHz tíðnisviðið fyrir 3G þjónustu.

PFS óskar eftir áhuga hagsmunaaðila á því að hefja fjórðu kynslóðar þjónustu á Íslandi.

Óskað er eftir að fram komi hve mikið tíðnisvið viðkomandi telur þörf á, á hvaða tíðnisviði, fyrirhugaða tækni, hvenær verði þörf á tíðnisviðinu og hver áform varðandi uppbyggingu kerfis eru, þ.e. landsdekkandi eða staðbundin.

Sérstaklega er óskað eftir því að hagsmunaaðilar geri grein fyrir óskum sínum um tíðni á 800 MHz tíðnisviðinu í þessu samhengi.

Annað

Er eitthvað annað sem hagsmunaaðilar vilja koma á framfæri varðandi tíðnisvið fyrir farnetsþjónustur?